



Áfangalýsing ML

Titill:	Kór 3
Námsgrein:	Kór
Viðfangsefni:	Kórsöngur þriðji áfangi
Skammstöfun:	KÓRS1CC03
Þrep:	1
Einingafjöldi:	3
Lýsing:	Nemandi fær úthlutað námsefni af kórstjóra er hæfir viðfangsefninu. Viðfangsefnin eru margbreytileg og unnið er með tónlist af mismunandi stíltegundum. Á hverju ári eru að minnsta kosti tvennir tónleikar og æfingabúðir, en auk þess kemur kórinn fram við brautskráningu að vori. Nemandi ber að kaupa kórmöppu og halda vel utan um þær nótur sem þeim er úthlutað.
Forkröfur:	Kórsöngur KÓRS1AB03
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">- tónheyrn og hlustun- mikilvægi samhljóms í kór- mikilvægi viðeigandi framkomu við ólík tækifæri og samvinnu kórfélaga- ólíkum tegundum tónlistar, ekki síst íslenskrar tónlistar frá ýmsum tímum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">- syngja og koma fram á tónleikum af öryggi- starfa með öðrum og verða leiðandi í kórstarfi.- hlusta á og greina mismunandi þætti tónlistar- greina og flytja tónlist af ólíkum stíl og uppruna- syngja sífellt meira krefjandi raddsetningar- nota heilbrigða raddbeitingu og byggja þannig upp öruggari rödd
Hæfniviðmið:	Lögð er áhersla á að nemandi: <ul style="list-style-type: none">- geti metið gæði söngs- efli færni sína í kórstarfi- byggi stöðugt ofan á þá söngfærni sem hann hefur öðlast- verði leiðandi í söng
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka
